

Stjórnarfundur FEB nr. 503 þriðjudaginn 1. okt. kl. 13:30

Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Árni Gunnarsson og Kristinn Eiríksson

Mættir varamenn: Jón Magnússon

Fjarverandi: Ragnar Árnason, Bessí Jóhannsdóttir og Stefanía Valgeirsdóttir


Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá:

- **Fundargerð 502 afgreidd og undirrituð**
- **Fundur formanns FEB, LEB og TR**
Formaður segir þessa fundi hjá TR góða og upplýsandi. TR er m.a. að uppfæra tölvukerfi sitt sem bætir upplýsingagjöf til skjólstæðinga þeirra. TR á hins vegar í smá vanda með að koma skilaboðum til ákveðins hóps skjólstæðinga sinna og bauð formaður FEB fram aðstoð félagsins varðandi það.
- **Önnur mál**
LEB í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga hefur boðað til málþings um störf öldungaráða sveitarfélaganna þann 17. okt. nk. Ekki er gert ráð fyrir erindi frá FEB á þinginu, þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hafi nýverið tekið þá ákvörðun gegn vilja FEB að fækka fulltrúum FEB í öldungaráði Reykjavíkur úr þremur í einn. Stjórn telur fækkunina brjóta á rétti FEB og hefur fengið lögfræðing í málið til að kæra ákvörðunina. Stjórn FEB telur rétt að um þetta verði fjallað á fyrrnefndu málþingi með einhverjum hætti og mun reyna að vinna í því að ná því fram.
- **Stefnumótun fyrstu skref**
Farið var í fyrstu umferð í hugarflugsvinnu og næstu skref ákveðin. Samþykkt var að boða til sérstaks fundar á allra næstu dögum þar sem áhersluatriði stjórnar fram að næsta aðalfundi yrðu ákveðin.

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.


Guðrún Ósk Jakobsd.